



## Verkefni á KSÍ III þjálfaranámskeiði.

Hluti af verklega þætti þessa námskeiðs er þjálfun hjá íþróttafélagi.

Ætlast er til að þátttakendur þjálfari flokk og skili inn skýrslu til vitnisburðar um það.

**Athugið að verkefnið er einstaklingsverkefni.**

**Eftirfarandi atriði verða að koma fram í skýrslunni:**

- Hvaða flokk, kyn og félag er verið að þjálfa (t.d. 3.flokkur karla hjá Val)
- Stuttar upplýsingar um flokkinn og helstu verkefni hans í sumar
- Markmiðssetning flokksins
- Fjöldi leikmanna á æfingum
- Stutt lýsing á æfingaaðstöðu
- Fjöldi æfingatíma á viku
- 20 klukkutímar þjálfun og skil á tímaseðlum því til staðfestingar
- Undirrituð staðfesting frá framkvæmdarstjóra eða yfirþjálfara félagsins að upplýsingarnar séu réttar.

Þjálfurum er svo frjálst að setja inn aðrar viðbótarupplýsingar ef þeir vilja, t.d. áætlanagerð, mælingar og annað.

**Til upplýsingar fyrir þá sem eru ekki að þjálfa:**

Þeir þátttakendur á námskeiðinu sem eru ekki að þjálfa þurfa að bjóða sig fram sem aðstoðarþjálfarar einhvers staðar sem fyrst og fá að þjálfa 20 klukkutíma.

Við förum fram á vönduð vinnubrögð. **Athugið að einungis er tekið á móti tölvuunnum og útprentuðum verkefnum. Ekki má skila á tölvupósti. Teikningar mega vera fríhendis.**

Þeir þjálfarar sem ekki verða búnir að skila verkefninu ári eftir að þessu námskeiði lýkur, þurfa að sitja nýtt KSÍ III þjálfaranámskeið til að fá þessi réttindi skráð á sig.

Sendið verkefnið í pósti merkt (takið afrit af verkefninu – póstur skilar sér ekki alltaf):

Knattspyrnusamband Íslands  
B/T Dagur Sveinn Dagbjartsson  
Laugardalsvelli, Laugardal  
104 Reykjavík